




## Hólmsheiðarvegur 141– Byggingarleyfisumsókn

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 28. nóvember 2024 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 26. nóvember 2024 þar sem sótt er um leyfi fyrir áðurgerðum mannvirkjum sem eru þrjár geymslur / flugskýli mhl. 02,03 og 04 á lóð 141 við Hólmsheiðarveg



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem Fis-flugvöllur. Þar segir

*Hólmsheiði, lendingarstaður fisflugvéla. Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.*

Svæðið er einnig innan græna trefilsins sem er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar og ósnortinna náttúrusvæða.

**Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:** Í gildi er deiliskipulag fyrir Flugvöll á Hólmsheiði, samþykkt 03.02.2011 ásamt síðari breytingum.

Í deiliskipulagi er svæðinu líst sem tímabundnu svæði fyrir starfsemi Fisfélags Reykjavíkur.

Svæðið skiptist í 3 svæði A, B og C.

**Svæði A** c.a 3 ha þar sem er heimilt að reisa flugskýli, leggja bílastæði og plan.

Hámarksstærð hvers skýlis er 1600-1800 m<sup>2</sup>. Hámarks mænishæð er 9m og þakhalli er á bilinu 0-20°. Litir skýla verða jarðlitir þannig að skýli falli sem mest í umhverfið. Plan verður malarborið eða hellulagt. Bílastæði verður malarborið.

19.03.2014 eru skilgreindar tvær lóðir á svæði A 200 m<sup>2</sup> lóð fyrir félagsaðstöðu og 4150m<sup>2</sup> lóð undir vélaskemmur.

17.04.2019 er lóð undir vélageymslur stækkuð í 11.150 m<sup>2</sup> og nýtingahlutfall verður 0,6.



**Svæði B** c.a 11,6 ha þar sem heimilt er að gera flug- og akstursbrautir fyrir fis.

Gert er ráð fyrir 2-3 flugbrautum með mismunandi stefnum fyrir vélknúin fis og æfingabrautum. Flugbrautir verða tyrfðar

**Svæði C** c.a 1,7 ha þar sem heimilt er að reisa hús undir félagsaðstöðu.

Félagheimili verður staðsett við hæsta koll á svæðinu til að ná sem mestri yfirsýn yfir svæðið. Reynt verður að fella hús vel að landi og trjágróður á staðnum verður varðveittur. 19.03.2014 er byggingareitur fyrir félagshús felldur niður á svæði C og færður yfir á svæði A

Afnotasamningur gildir til ársloka 2025. Samkvæmt afnotasamningi er heimilt á svæði A (1,5 ha) að reisa félagsheimili, flugskýli og leggja malarborið bílastæði. Á svæði B (12ha) er gert ráð fyrir 2-3 flugbrautum fyrir vélknúin fis og einnig er gert ráð fyrir æfinga og kennsluástöðu fyrir óvélknúin fis.

### **Byggingaleyfisumsókn**

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á byggingaleyfisumsókn þar sem óskað er eftir leyfi fyrir áðurgerðum byggingum sem eru þrjár geymslur/flugskýli.

Mhl 01 Vélageymsla 605.5 m<sup>2</sup>

Mhl 02 264 m<sup>2</sup>

Mhl 03 264 m<sup>2</sup>

Mhl 04 264 m<sup>2</sup>

Samkvæmt byggingaleyfisumsókn er byggingamagn á lóð samtals 1397,5 m<sup>2</sup>

### **Umsögn**

Þær byggingar sem eru tilteknaðar í byggingaleyfisumsókn eru innan heimilda skipulags hvað varðar hæðir og stærð húsa.

Uppfæra þarf mælibleið í samræmi við skipulag sem var samþykkt 2019.

Séu fleiri byggingar á svæðinu sem ekki hefur verið sótt um leyfi fyrir þarf að sækja um leyfi fyrir þeim. Einnig þarf að uppfæra deiliskipulag og mælibleið svo allar byggingar á svæðinu séu innan lóðamarka.

### **Niðurstaða**

- Ekki er gerð athugasemd við þær byggingar sem sótt er um.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Hrönn Valdimarsdóttir

verkefnastjóri



**Reykjavík**